

Samfélag

- Festa í sessi samfélagsfundi (Community Advisory Board) sem reglubundinn vettvangur fyrir skipulagt samtal við hagsmunaaðila á Austurlandi.
- Efla gagnsæi og upplýsingaflæði til hagsmunaaðila um samfélagslegt framlag Fjarðaáls.
- Halda árlegan útlutunarviðburð Samfélagssjóðs Fjarðaáls, með áherslu á gagnsæi og sýnileika verkefna sem njóta styrkja.
- Efla sjálfböðastarf starfsfólks með því að fjölga tækifærum til þátttöku í Action verkefnum og öðrum samfélagsverkefnum.

Mannauður

- Móta stefnu um hæfni og mönnun, skilgreina hæfniviðmið, staðla ráðningarferli og þjálfunarleiðir.
- Styrkja móttöku- og starfsþróunarferli, með áherslu á aukna þátttöku starfsfólks og verktaka í fræðslu- og þróunarverkefnum.
- Styðja við frekara íslenskunám starfsfólks.
- Færa meira af fræðslu- og öryggisefni yfir í rafrænt form, í framhaldi af vinnu undanfarinna ára.
- Fylgja eftir tilraunum með breytingar á vaktakerfi og framkvæma kannanir á viðhorfum starfsfólks til breytinganna.
- Innleiða og festa í sessi samskiptaáætlun um öryggi með áherslu á að þróa öryggismenningu innan Fjarðaáls.

Umhverfi

- Tryggja að rekstur fyrirtækisins sé í fullu samræmi við ákvæði starfsleyfis. Skrá skal frávik frá starfsleyfis í viðeigandi kerfi.
- Tryggja að innri mörk fyrir losun mengandi efna í andrúmsloft, samanber töflu 1, séu uppfyllt. Mánaðarlegar niðurstöður skulu skráðar í innri gagnagrunn um leið og þær liggja fyrir.
- Bæta stjórnun og vöktun á myndun kjallaraefnis og tryggja að umframefni safnist ekki upp. Heildarframleiðsla á hreinni raflausn skal vera um 4.800 tonn á árinu og 2.000 tonn af umframkjallaraefni skulu endurnýtt í ferlum fyrirtækisins.

Efnahagur / virðisdeðja

- Framleiða 353.079 tonn af áli árið 2026.
- Fylgja eftir markmiðum um aukinn stöðugleika og straumhækkun.
- Vinna að umbótum í raflausnarferli ker-skála með lækkun birgða af þekjuefni að leiðarljósi.

Alcoa Fjarðaál leggur ríka áherslu á gagnsæi og samfélagslega ábyrgð með markvissri og heildstæðri skýrslugjöf. Með henni er varpað skýru ljósi á árangur og áhrif starfseminnar á umhverfi, mannauð, efnahag og samfélag, í samræmi við vaxandi kröfur um sjálfbærni og ábyrga stjórnarhætti.

